

Kynningarfundur um íslenskukennslu fyrir útlendinga

Verkefnisstjórn menntamálaráðuneytis um íslenskukennslu fyrir útlendinga heldur kynningarfund um stöðu verkefnisins þriðjudaginn 3. júní nk. kl. 14:00 – 16:00 í Rúgbrauðsgerðinni að Borgartúni 6 í Reykjavík.

Ríkisstjórnin samþykkti 10. nóvember 2006 að verja 100 m.kr. til íslenskukennslu fyrir útlendinga árið 2007 og að fela [menntamálaráðuneyti](#) umsjón verksins. Sérstök verkefnisstjórn var skipuð vegna þessa. Vegna mikillar eftirspurnar eftir styrkjum til námskeiðahaldsins ákvað ríkisstjórnin í júní 2007 að veita 100 m.kr. til viðbótar til íslenskukennslu fyrir útlendinga árið 2007. Að þingi samþykkti síðan 200 m.kr. framlag á fjárlögum til íslenskukennslu fyrir útlendinga árið 2008.

Verkefnisstjórnin mun kynna greinargerð um framgang verkefnisins árið 2007 og það sem af er árs 2008. Jafnframt verða kynntar niðurstöður könnunar Félagsvísindastofnunar Háskóla Íslands sem gerð var fyrir á þessu ári meðal styrkþega ársins 2007. Að loknum kynningum og framsöguerindum verða almennar umræður um næstu skref í íslenskukennslu fyrir útlendinga.

Dagskrá:

- » Opnunarávarp - Arna Hauksdóttir, ráðgjafi menntamálaráðherra
- » Kynning á greinargerð - Stefán Stefánsson, formaður verkefnisstjórnar
- » Kynning á könnun Félagsvísindastofnunar HÍ - Védís Grönvold, sérfræðingur í menntamálaráðuneyti
- » Kynning á drögum að námskrá - Sigrún Jóhannesdóttir, sérfræðingur hjá FA
- » Sjórnarhorn fræðsluaðila - Rósa S. Jónsdóttir, deildarstjóri hjá Mími
- » Sjórnarhorn Samtaka atvinnulífsins - Guðrún Eyjólfsdóttir, verkefnisstjóri hjá SA
- » Sjórnarhorn stéttarféлага - Atli Lýðsson, fræðslustjóri Eflingar
- » Almennar umræður um næstu skref

Fundarstjóri verður Guðrún Ögmundsdóttir, verkefnisstjóri í menntamálaráðuneyti.

Nýbygging við Fjölbrotaskólann við Ármúla

Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra og Ólafur F. Magnússon borgarstjóri tóku fyrstu skóflustungu að nýrri viðbyggingu við Fjölbrotaskólann í Ármúla fimmtudaginn 22. maí en Reykjavíkurborg og ríkið standa sameiginlega að framkvæmdunum.




Ólafur F. Magnússon borgarstjóri og Þorgerður Katrín Gunnarsdóttir menntamálaráðherra. Mynd: FÁ

Nýbyggingin mun hýsa skrifstofu- og stjórnunaraðstöðu auk þess sem þar verða sérhæfð rými fyrir kennslu í heilbrigðisgreinum og fullkomin aðstaða fyrir kennslu fatlaðra. Í [ávarpi](#) sínu sagðist menntamálaráðherra vonast til að nýja viðbyggingin myndi efla enn frekar kennslu heilbrigðisgreina við skólann og fagnaði því að starfsbraut skólans fengi kennsluhúsnæði við hæfi. Með viðbyggingunni stækkar húsnæði skólans um rúmlega 60% en heildarflatarmál nýbyggingarinnar verður 3.000 fm. Hönnuðir byggingarinnar eru Á stofunni arkitektar og Skapa og Skerpa arkitektar. Verktakafyrirtækið Spöng ehf sér um bygginguna og er kostnaður samkvæmt tilboði verktaka 818 m.kr. Áætlað er að framkvæmdir taki þrjú ár.

Bréf frá menntamálaráðherra til foreldra 6 ára barna

Í síðastliðinni viku sendi menntamálaráðherra [bréf](#) og bæklinginn [Það er gaman að lesa](#) til foreldra allra barna sem fædd eru árið 2002. Næsta haust hefja flest þessara barna skólagöngu sína. Markmiðið með því að senda bæklinginn er að vekja athygli foreldra á mikilvægu hlutverki þeirra í tengslum við lestrarnám barna sinna.



Í lok árs 2006 skipaði menntamálaráðherra nefnd sem gera átti tillögur um úrræði fyrir nemendur með lesþömlun (dyslexiu/lesblindu) og aðra lestrarörðugleika í grunn- og framhaldsskólum. Í apríl 2007 skilaði nefndin [skýrslu](#) þar sem settar eru fram tillögur til úrbóta. Þar er bent á mikilvægi málskilnings og málörvunar ungra barna og er bréf ráðherra til foreldra sent með hliðsjón af þeim ábendingum sem þar koma fram. Í bréfinu er foreldrum einnig bent á vefinn [lesvefurinn.khi.is](#) þar sem m.a. má finna upplýsingar um lestur og lestrarnám en Kennaraháskóli Íslands sér um vefinn samkvæmt samningi við menntamálaráðuneyti.



Rúmlega kringum landið á 232 dögum

Starfsfólk menntamálaráðuneytis tók þátt í hjólaátaki Íþróttá- og Ólympíu-sambandsins „[Hjólað í vinnuna](#)“ eins og undanfarin ár. Verkefnið byggist þannig upp að fólk skráir vegalengdina í vinnuna í kílómetrum fyrir hvern dag sem gengið eða hjólað er. Að þessu sinni endaði lið ráðuneytisins í 12. sæti sem verður að teljast viðunandi miðað við um 40% þátttöku. Alls hjólaði starfsfólk 1.636 kílómetra á 232 dögum. Tilgangurinn með því að taka þátt í verkefninu er fyrst og fremst að hvetja fólk til aukinnar hreyfingar sér til ánægju og heilsuþótar. Einnig á notkun hjólsins sem samgöngutæki eftir að aukast og skapar „Hjólað í vinnuna“ aukna hefð fyrir því hér á landi.

Aðalnámskrá framhaldsskóla: Vélstjórnarnám

Drög að Aðalnámskrá framhaldsskóla fyrir vélstjórnarnám eru til kynningar á [vef menntamálaráðuneytis](#) til 6. júní 2008. Á þeim tíma gefst hagsmunaaðilum og almenningi kostur á að senda athugasemdir og ábendingar um námskrána í heild eða einstaka þætti hennar til menntamálaráðuneytis, Sölvhólgötu 4, 150 Reykjavík eða á netfangið namskra@stjr.is.

